133 með því að lögin sjeu komin í gildi nokkru fyrir fardaga 1896, og það sje orð-
16. sept. in hjer um bil föst venja, að prestar greiði prestaekkjum eptirlaunahluta þeirra af brauðunum eigi fyr en að liðnu því fardagaári, sem um er að ræða, þá eigi sú útborgun, sem fram fer fyrir fardagaárið 1895/96, að fara að öllu leyti eptir optnefndum lögum. Aptur á móti láta stiptsyfirvöldin það álit í ljósi, að eðlilegast væri að lögin kæmu eigi í gildi fyrri en við þá eptirlaunaútborgun, sem fer fram eptir fardaga 1897 fyrir það fardagaár, sem nú er að líða.

Út af þessu er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg fellst á þá skoðun, sem stiptsyfirvöldin þannig hafa látið í ljósi, að umrædd lög komi eigi til framkvæmda fyr en fardagaárið 1896/97, því að það virðist eigi geta komið til nokkurra mála að þau gildi fyrir allt fardagaárið 1895/96 en að hinu leytinu mun það vera orðin venja að skoða hvert fardagaár sem eina heild, þegar um eptirlaun prestsekkna er að ræða að því leyti sem þau eru greidd af tekjum brauðanna.

Að endingu skal þess getið, að mál þetta heyrir undir úrslit dómstólanna.

134 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamt-*
21. sept. *inu* **um að Árnessýslu sje veitt lán úr landssjóði.** — Samkvæmt beiðni sýslumannsins í Árnessýslu og tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 18. þ. m., hefi jeg veitt Árnessýslu 10000 króna lán úr viðlagasjóði landsjóðs til þess að hjálpa þeim sveitum sýslunnar, sem orðið hafa fyrir stórtjóni af jarðskjálftum þeim, sem gengið hafa þar um síðastliðin mánaðamót, gegn því að lán þetta endurborgist á 10 árum með 1000 krónum á ári, auk 4% vaxta.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

135 **Reglugjörð**

fyrir Austur-Barðastrandarsýslu um eyðing bandorma í hundum o. fl.

1. gr.

Hreppsnefndinni í hverjum hreppi sýslunnar skal falið á hendur, að annast um lækning á hundum, eins og henni þykir bezt við eiga, og útnefna sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn, eptir stærð og þjettbýli hreppanna, og skulu allir þeir, er þannig eru skipaðir til að annast um lækningu á hundum, skyldir til að hlýða undantekningarlaust ákvæðum hennar.

2. gr.

Lækninguna á hundunum skal hreppsnefndin láta fram fara á einum og sama degi í öllum hreppnum, einu sinni á ári hverju í nóvembermánuði.

3. gr. 135

Hverjum hundi skal gefa inn 5 grömm af »areka«- eða »kamala«-dupti, og skal lækningunni hagað þannig:

Í sólarhring skal hafa hundinn inni og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan. Síðan skal gefa hundinum inn 5 grömm af duptinu, hrærðu út í graut, slátri eða mjólk. Vanalega fær hundurinn klýju á eptir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir, að hann selji upp fyrsta hálfa klukkutímann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það ekki dugar, að gjöra hann sneyptan.

Eptir 1/2 til 5 klukkutíma gengur ormurinn niður af hundinum. Meðan meðalið er að verka, ætti hundurinn að vera í einhverju útihúsi. Það, er gengur niður af hundinum, á að hreinsa vandlega upp, brenna síðan eða grafa í jörðu niður tveggja álna djúpt að minnsta kosti.

4. gr.

Sjerhver eigandi er skyldur að flytja hund sinn á stað þann, er lækningamaður skipar. Sje hundi skotið undan lækningu, varðar það sektum, en valdi forföll, að hundur komi eigi til lækninga, skal eigandi sjá um, að honum sje komið til lækninga tafarlaust.

5. gr.

Hreppsnefndirnar skulu brýna fyrir mönnum, að hlýtt sje fyrirmælum 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890, um að slátur það, sem sullmeingað er, sje grafið svo djúpt í jörð niður, að hundar geti ekki náð því, eða það brennt.

6. gr.

Fyrir lækning á hverjum hundi skal greiða lækningamanni 25 aura fyrir hverja hreinsun. Allur kostnaður við lækninguna greiðist úr sýslusjóði.

7. gr.

Lækningamaður sendir hreppsnefndinni skýrslu um alla þá hunda, er hann hefur læknað, en hreppsnefnd semji aðalskýrslu og sendi hana sýslunefndaroddvita fyrir árslok.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 1—10 króna sekt, er renni í sýslusjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal með fara sem opinber lögreglumál.

* *
*

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu á aðalfundi hennar 18.—19. júní 1896.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu 24. ágúst 1896.

Páll Einarsson.